

**Ed.**

**297. Tillaga**

til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót handa barna- og lýðskólanum í Bergsstaðastræti í Reykjavík.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita barna- og lýðskólanum í Bergsstaðastræti í Reykjavík dýrtíðaruppbót fyrir árið 1917 og framvegis, eins og öðrum lýðskólum og alþýðuskólum, er dýrtíðaruppbótar njóta úr landsjóði.